



Reykjavík, 18. mars 2024  
VEL22110033

Borgarráð

## Samþykkt velferðarráðs um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg

Á fundi velferðarráðs þann 13. mars 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga stýrihóps um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg:

Lagt er til að samþykktar verði breytingar á 5. gr., 6. gr., 8. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 15. gr., 19. gr., 20. gr., 21. gr., 23. gr., 24. gr., 30., 31. gr. og 34. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

Kostnaður vegna tillögunnar rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata gegn atkvæði fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands. Fulltrúi Flokks fólksins sat hjá við afgreiðslu málsins.

Tillögunni var vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð er mikilvægur liður í því að skýra betur reglurnar sem og að skerpa á því að þær þjóni betur tilgangi sínum í samræmi við lög um félagsþjónustu nr. 40/1991, en markmið þeirra laga er m.a. að styrkja fólk til sjálfshjálpar. Markmið reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð er hér eftir sem áður að virða sjálfsákvörðunarrétt umsækjenda og styðja þá til sjálfshjálpar, virkrar þátttöku og valdeflingar. Reglurnar eru í samræmi við vinnu við virknistefnu Reykjavíkur sem nú er í gangi. Nýlega var upphæð fjárhagsaðstoðar hækkuð og því var ekki farið í endurskoðun á upphæð fjárhagsaðstoðar að undanskyldu því að húsbúnaðarstyrkur var hækkaður úr 100.000 kr. í 150.000 kr. Í reglunum er tryggt að hægt sé að falla frá skerðingu fjárhagsaðstoðar vegna barna. Ríkið greiðir fyrir meðlag með börnum og því er lagt til að Reykjavík hætti að borga þær greiðslur til ríkisins. Þá var orðalag og uppsetning reglna breytt og uppfært. Reglurnar fóru til umsagnar inn á samráðsvef Reykjavíkur og var tekið tillit til umsagna eftir því sem við átti.

Fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Fjárhagsaðstoð er fyrir þau sem hafa ekkert annað að leita í og eru upphæðirnar mjög lágar. Skýlt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Grunnupphæð fjárhagsaðstoðar fyrir skatt, er 239.895 kr. Upphæðirnar eru breytilegar t.a.m. út frá húsnæðisstöðu og sambúðarformi. Erfitt er að sjá hvernig ætlast sé til þess að



manneskjur komist í gegnum dagana á þessum lágu upphæðum. Í reglum kemur fram að ef umsækjandi mæti ekki í boðað viðtal hjá ráðgjafa eða á boðað námskeið, sé heimilt að skerða grunnfjárhæð til framfærslu um helming. Ef veigamiklar ástæður mæli gegn lækkingun grunnfjárhæðar þá er samt sem áður lagt til að heimilt verði að lækka fjárhæð til framfærslu um 15%. Hér er óljóst hvað „veigamiklar ástæður“ þýða og hvernig slíkt verði metið. Þá er einnig áhersla á að það sé hvenær sem er hægt að gera kröfu um að umsækjandi sanni deili á sér með því að sýna skilríki. Fulltrúi sósíalista telur mikilvægt að inntak reglnanna byggji á stuðningi og fjárhagslegu öryggi fyrir þau sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda, í stað þess að byggja á tortryggni og vantrausti í garð þeirra sem sækja um fjárhagsaðstoð.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Tillaga um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð er á ýmsa vegu til bóta. Skerpt er á reglum um hvenær eigi að veita lán fremur en styrk. Til bóta er að heimilt er að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaðar vegna einstaklinga sem eru að ljúka endurhæfingu. Breytingar eru gerðar á viðmiðum um framvísun persónuskilríkja til að sanna á sér deili. Fulltrúi Flokks fólksins hefur nokkrar áhyggjur af málsgreininni „Sanna skal á sér deili innan tveggja virkra daga frá því að umsókn var lögð fram nema lögmæt forföll hamli því, s.s. veikindi eða fötlun.“ Hvernig á að bregðast við ef einstaklingur kemst ekki vegna fötlunar eða dvelur á sjúkrahúsi eða stofnun? Gera á þá breytingu að ef einstaklingur mætir ekki í boðað viðtal, námskeið, staðfestir ekki atvinnuleit, hafnar vinnu, verður grunnfjárhæð skert um 50% en heimilt sé að skerða eingöngu um 85% ef viðhlítandi skýringar eða veigamiklar ástæður eru fyrir hendi. Tilgangurinn er augljóslega að hvetja fólk til virkni og að sporna gegn misnotkun á öryggisneti velferðarkerfisins. Það er hins vegar óljóst hver á að meta hversu miklar skerðingarnar eigi að verða. Það er vissulega tilgreint að taka eigi tillit til fjölda barna á framfærslu sem er vel.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu reglubreytingarinnar í b-deild stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir,

Sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, lögð fram á fundi velferðarráðs 13. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.



Reykjavík, 13. mars 2024

VEL22110033

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Stýrihópur um endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð

---

### Efni tillögu: *Breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg*

Lagt er til að samþykktar verði breytingar á 5. gr., 6. gr., 8. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 15. gr., 19. gr., 20. gr., 21. gr., 23. gr., 24. gr., 30., 31. gr. og 34. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

Kostnaður vegna tillögunnar rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs.

### Greinargerð:

Breytingar þessar eru gerðar í kjölfar vinnu stýrihóps um endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð, sem skipaður var með erindisbréfi sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 29. nóvember 2022.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg:

- að þegar umsækjandi bíður eftir greiðslum til framfærslu frá öðrum opinberum stofnunum, svo sem lífeyrisgreiðslum frá Tryggingastofnun eða greiðslum atvinnuleysisbóta frá Vinnumálastofnun, skuli meginreglan vera sú að ef einstaklingur á mögulega rétt á greiðslum frá tveimur aðilum fyrir sama tímabil þá skuli fjárhagsaðstoð veitt sem lán til framfærslu. Þá skal horft til þess hvort umræddar greiðslur eru greiddar fyrirfram eða eftir á og fjárhagsaðstoð greidd í samræmi við það. Lán skulu veitt með útgáfu skuldabréfs. (2. mgr. 5. gr.)
- að felld verði brott krafa um að undirrita umsóknir um fjárhagsaðstoð með rafrænum skilríkjum. (1. mgr. 8. gr.)
- að þegar sótt er um fjárhagsaðstoð til framfærslu í fyrsta skipti eða þegar liðnir eru sex mánuðir frá því síðast var sótt um fjárhagsaðstoð til framfærslu sé umsækjanda skylt að sanna á sér deili með því að mæta á viðeigandi miðstöð Reykjavíkurborgar og sýna skilríki með mynd. Bregðist umsækjandi ekki við kröfu um að sanna á sér deili er heimilt að stöðva afgreiðslu umsóknar og/eða greiðslu fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Sanna skal á sér deili innan tveggja virkra daga frá því að umsókn var lögð fram nema lögmæt forföll hamli því, s.s. veikindi eða fötlun. (1. mgr. 8. gr.)
- að þegar umsækjandi tekur þátt í virkniverkefnum á vegum Virkniúss Reykjavíkurborgar sé heimilt að gera kröfu um að hann sanni á sér deili og sýni skilríki með mynd í Virkniúsi. Þá sé hvenær sem er, við afgreiðslu umsóknar eða við greiðslu fjárhagsaðstoðar til framfærslu, heimilt að gera kröfu um að umsækjandi sanni deili á sér með því að mæta á viðeigandi miðstöð Reykjavíkurborgar og sýna skilríki með mynd. Bregðist umsækjandi



Reykjavík



ekki við kröfu um að sanna á sér deili er heimilt að stöðva afgreiðslu umsóknar og/eða greiðslu fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Sanna skal á sér deili innan tveggja virkra daga frá því að umsókn var lögð fram nema lögmæt forföll hamli því, s.s. veikindi eða fötlun. ( 2. mgr. 8. gr.)

- að bönkum og sparisjóðum verði bætt við í upptalningu þeirra aðila sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur aflað frekari upplýsinga um umsækjanda, ef þörf krefur. (verður 8. mgr. 8. gr.)
- að mæti umsækjandi ekki í boðað viðtal hjá ráðgjafa eða á boðað námskeið, sé heimilt að greiða 50% af grunnfjárhæð til framfærslu, sbr. 10. gr. reglnanna. Ef veigamiklar ástæður, sem koma fram í mati á aðstæðum umsækjanda, mæla gegn lækkun grunnfjárhæðar sé heimilt að greiða 85% af grunnfjárhæð til framfærslu til umsækjanda. Mæti umsækjandi ekki í boðað viðtal hjá ráðgjafa eða á boðað námskeið skal meðferð máls vera í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglnanna. (verður 1. mgr. 11. gr.)
- að hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa, skuli greiða 50% af grunnfjárhæð til framfærslu, sbr. 10. gr. reglnanna. Ef veigamiklar ástæður, sem koma fram í mati á aðstæðum umsækjanda, mæla gegn því sé heimilt að greiða 85% af grunnfjárhæð til framfærslu til umsækjanda. (verður 2. mgr. 11. gr.)
- að verði umsækjandi, sem fær greidda fjárhagsaðstoð, uppvís að því að stunda atvinnu án þess að upplýsa um tekjur skuli greiða honum 50% af grunnfjárhæð til framfærslu. (verður 4. mgr. 11. gr.)
- að sinni umsækjandi ekki kröfu um staðfestingu á atvinnuleit hjá Vinnumálastofnun, án viðhlítandi skýringa sé heimilt að greiða 50% af grunnfjárhæð til framfærslu. (verður 5. mgr. 11. gr.)
- að sama gildi um umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, endurhæfingu eða námi og/eða stendur ekki við einstaklingsáætlun, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því en þá er heimilt að greiða 85% af grunnfjárhæð til framfærslu. (verður 6. mgr. 11. gr.)
- að sinni einstaklingur sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu á grundvelli læknisvottorðs ekki einstaklingsáætlun skal greiða 50% af grunnfjárhæð til framfærslu nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því en þá er heimilt að greiða 85% af grunnfjárhæð til framfærslu. (verður 7. mgr. 11. gr.)
- að heimilt sé að fella niður skerðingu á framfærslu þegar veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda eiga við með tilliti til barna. Skal þá meðal annars litið til fjölda barna sem eru á framfæri umsækjanda. (verður 8. mgr. 11. gr.)
- að heimilt verði að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaðar vegna einstaklinga sem fá greidda síðustu greiðslu atvinnuleysisbóta frá Vinnumálastofnun, einstaklinga sem hafa ný lokið starfi í gegnum atvinnuúrræði Virkniúss Reykjavíkurborgar og einstaklinga sem eru að ljúka endurhæfingu og hafa fengið greiddan endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun. Um er að ræða undanþágu sem nær til greiðslna fyrsta mánuðinn eftir að greiðslum lýkur frá framangreindum aðilum. (3. mgr. 12. gr.)
- að þegar lán er veitt til framfærslu sé einnig heimilt að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaða hjá umsækjendum þegar greiðslur til framfærslu frá





Tryggingastofnun falla niður tímabundið og fyrirséð er að lán til framfærslu verði endurgreitt er greiðslur frá Tryggingastofnun hefjast að nýju. (verður 4. mgr. 12. gr.)

- að þeir einstaklingar sem taka þátt í atvinnuúrræðum Virknihúss Reykjavíkurborgar, þ.e. Individual Placement Support (IPS) og Atvinnu- og virknimiðlun (AVM), eigi rétt á undanþágu frá ákvæði 2. mgr. 12. gr. hvað varðar frádrátt tekna við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Heimilt verði að veita undanþágu vegna atvinnutekna sem nema allt að 50.000 kr. á mánuði á meðan viðkomandi er þátttakandi í atvinnuúrræði. (verður 5. mgr. 12. gr.)
- að ákvæði reglnanna um greiðslur meðlags verði fellt brott. (13. gr.)
- að heimilt verði að veita samþykki fyrir fjarnámi ef veigamikil rök eru fyrir því að umsækjandi geti ekki stundað staðnám. Auk þess skuli námsárangur metinn þegar einkunnum er skilað við lok hvernar annar. (3. mgr. 15. gr.).
- að viðmiðunarmörk húsbúnaðarstyrks verði hækkuð úr 100.000 í 150.000 kr. (2. mgr. 19. gr.)
- að þeir sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglunum í 12 mánuði á síðastliðnum 18 mánuðum geti átt rétt á fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga á Íslandi. (a-liður 20. gr.).
- að samþykkt aðstoð vegna útfararstyrks greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararþjónustu. (5. mgr. 21. gr.).
- að bætt sé við að einnig sé nægjanlegt að staðfesting á því að leigusamningur hafi verið skráður í húsnæðisgrunn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, sbr. 5. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994, liggi fyrir hvað varðar ábyrgðaryfirlýsingu vegna tryggingar húsaleigu (5. mgr. 23. gr.).
- að gildistími umsóknar varðandi ábyrgðaryfirlýsingu vegna tryggingar húsaleigu sé þrjú mánuðir frá samþykkisdegi (verður 8. mgr. 23. gr.).
- að ákvæði til bráðabirgða falli brott þar sem efni þess er tekið upp í 5. mgr. 12. gr.
- nokkrar breytingar verði gerðar á orðalagi, s.s. í stað orðsins þjónustumiðstöð verði notað orðalagið miðstöð Reykjavíkurborgar eða víðeigandi miðstöð Reykjavíkurborgar, eftir því sem við á (8. gr., 20. gr. og 34. gr.) og einnig verði nokkrum orðum skipt út með tilliti til kynhlutleysis, þ.e. starfsmönnum fyrir starfsfólk (24. gr., 30. gr. 31. gr.). Þá verði vísað til Tryggingastofnunar í reglunum í stað Tryggingarstofnunar ríkisins (6. gr., 8. gr. og 12. gr.) og vísað verði til Vinnumálastofnunar í stað Atvinnuleysistryggingasjóðs (8. gr.)
- Lagt er til að breytingarnar taki gildi 1. júní 2024.

Nánari grein er gerð fyrir framangreindum tillögum í meðfylgjandi minnisblaði. Einnig er meðfylgjandi tillögu þessari fylgiskjal nr. 2 sem sýnir breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

Fylgiskjöl:

1. *Minnisblað dags. 13. mars 2024.*
2. *Fylgiskjal – við tillögu að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, dags. 13. mars 2024.*
3. *Jafnréttisskimun, dags. 26. janúar 2024.*



Reykjavík



Reykjavík, 13. mars 2024

VEL22110033

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Stýrihópur um endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð

### Efni: *Breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg*

#### Forsaga:

Með erindisbréfi, dags. 29. nóvember 2022, skipaði sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar stýrihóp um endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð. Markmið með stofnun stýrihópsins var að endurskoða núverandi reglur um fjárhagsaðstoð í heild sinni. Meta átti áhrif þeirra breytinga sem gerðar höfðu verið á reglum á undanföllum árum, leggja mat á þörf á frekari breytingum m.a. út frá samspili við aðrar félagslegar bætur (s.s. húsnæðisbætur, atvinnuleysisbætur og lífeyrisgreiðslur) sem og að horfa til úrræða sem stuðla að sjálfræði og valdeflingu notendahópsins. Hópurinn átti einnig að afla upplýsinga um hvort breytingar væru fyrirhugaðar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 41/1991 og/eða lögum um almannatryggingar nr. 100/2007.

Stýrihópurinn fundaði sjö sinnum á tímabilinu 20. desember 2022 til 27. september 2023. Samkvæmt upplýsingum sem bárust hópnum í upphafi árs 2023 var ekki fyrirhugað að breyta lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 41/1991 og/eða lögum um almannatryggingar nr. 100/2007. Deildarstjórar á miðstöðvum, sem annast mál varðandi fjárhagsaðstoð, voru upplýstir um þær breytingar sem komu fram í vinnu stýrihópsins. Breytingarnar voru ræddar á samráðsfundum þar sem óskað var eftir álitni deildarstjóranna á því hvernig þær breytingar myndu ganga í framkvæmd.

Þá var einnig horft til ákveðinna atriða sem fram komu í vinnu stýrihóps um mótun virknistefnu.

Meðan á vinnu stýrihópsins stóð var tveimur tillögum fulltrúa Sósíalístaflakks Íslands í velferðarráði vísað til vinnu hópsins. Fyrri tillagan var lögð fyrir fund velferðarráðs þann 15. febrúar 2023 og þar var lögð til hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar miðað við verðlagsforsendur í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Á fundi borgarráðs þann 13. júlí 2023 var samþykkt að hækka grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu (11. gr. reglnanna) og aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri (a -liður 16. gr. reglnanna).

Síðari tillagan var lögð fyrir fund borgarráðs þann 13. júlí 2023 þar sem henni var vísað til meðferðar velferðarráðs. Velferðarráð tók tillöguna fyrir þann 6. september 2023 og vísaði henni til meðferðar stýrihópsins. Í tillögunni fólst að komið yrði á laggirnar sjálfvirkum leiðréttingum á grunnfjárhæðum fjárhagsaðstoðar. Annars vegar með þeim hætti að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar yrði leiðrétt mánaðarlega í takt við neysluvísitölu, þar sem útgjöld íbúa hækki mánaðarlega, m.a. húsaleiga. Hins vegar var lagt til að upphæðin yrði leiðrétt árlega í takt við launavísitölu, ef hún hefði hækkað umfram neysluvísitölu, svo fjárhagsaðstoðin drægist ekki fram úr launabróun. Tillagan var tekin til umræðu í stýrihópnum í kjölfar rýningar skrifstofu fjármála og rekstrar á



Reykjavík



velferðarsviði á tillögunum. Eftirfarandi kom fram í umfjöllun skrifstofu fjármála og rekstrar:

#### Fyrri hluti tillögu:

Þar sem árlegar ákvarðanir um hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hafa almennt tekið mið af hækkunum á vísitölu neysluverðs út frá forsendum fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar, þá metur velferðarsvið að ekki sé þörf á sérstöku kostnaðarmati á þeirri tillögu. Hægt er að benda á nokkra vankanta tillögunnar. Í fyrsta lagi myndu leigjendur fá lægri fjárhagsaðstoð í sumum mánuðum heldur en ella ef um verðhjöðnun er að ræða. Í öðru lagi þá myndi ríkja óvissa um greiðslu hvers mánaðar þar sem ekki er hægt að miða við fasta grunnfjárhæð. Í þriðja lagi þá hagnast það almennt leigjendum betur að fá breytingu byggða á verðlagssþá í byrjun árs. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að bein hækkun á fjárhagsaðstoð tekur til greina verðlagsþróun fyrir alla tólf mánuði ársins.

#### Síðari hluti tillögu:

Ef grunnfjárhæð yrði hækkuð í takt við vísitölu launa yrði áætluð meðalgreiðsla 215.369 kr. og áætlaður kostnaður yrði 3.626 m.kr. árið 2024. Kostnaður Reykjavíkurborgar myndi hækka um 113 m.kr. Athugið að hér er gert ráð fyrir 7,8% hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar í stað áætlaðrar 4,9% hækkunar á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar.

Stýrihópurinn taldi að ekki væri unnt að koma til móts við þær útfærslur sem settar eru fram í tillögunni.

Drög að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð voru kynnt í velferðarráði þann 15. nóvember 2023 og í kjölfarið var þeim vísað til samráðs í samráðsgátt Reykjavíkurborgar.

#### **Greinargerð:**

Með vísan til vinnu stýrihóps um endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð eru lagðar til eftirfarandi breytingar á reglunum.

Þær breytingar sem lagðar eru til á 5. gr. fela það í sér að sú framkvæmd sem tíðkast hefur í slíkum tilfellum er tekin upp í reglur. Um er að ræða þau tilfelli þegar einstaklingur bíður eftir greiðslum til framfærslu frá öðrum opinberum stofnunum þá skuli veita lán til framfærslu þar sem viðkomandi fengi annars greitt frá tveimur aðilum fyrir sama tímabil. Fjárhagsaðstoð í formi láns kemur í þessum tilfellum í veg fyrir að ofgreiðsla á fjárhagsaðstoð myndist þegar greiðsla berst frá öðrum opinberum stofnunum.

Í 8. gr. eru lagðar til þær breytingar að einstaklingum sem sækja um fjárhagsaðstoð til framfærslu sé í ákveðnum tilfellum skylt að mæta á miðstöð eða í Virknihus Reykjavíkurborgar, til að sanna á sér deili og sýna skilríki með mynd. Framangreindar breytingar eru til komnar til að sannreynt sé að umsækjandi dvelji á Íslandi þegar hann fær greidda fjárhagsaðstoð, sbr. 4. gr. reglnanna. Einnig er hvenær sem er heimilt að gera kröfu um að umsækjandi sanni deili á sér með því að mæta á viðeigandi miðstöð Reykjavíkurborgar og sýna skilríki með mynd.

Lagðar eru til breytingar á 11. gr. er varða lækkun grunnfjárhæðar í ýmsum tilfellum sem nánar eru tilgreind þar. Framangreindar breytingar eru m.a. lagðar til þar sem gildandi reglur heimila að greidd sé hálf grunnfjárhæð til framfærslu í vissum tilvikum. Talið er að lækkun fjárhagsaðstoðar um helming hafi of íþyngjandi áhrif á umsækjendur og henni hafi því verið beitt í minna mæli vegna þessa. Því er lagt til að heimilt sé að greiða 85%





af grunnfjárhæð til framfærslu umsækjanda þegar veigamiklar ástæður mæla með því. Þá er gerð tillaga um að heimilt sé að fella niður skerðingu á framfærslu þegar veigamiklar ástæður koma fram við mat á aðstæðum umsækjenda með tilliti til barna.

Í 12. gr. eru lagðar til breytingar sem varða undanþágur frá tekjum fyrri mánaðar. Þar er um að ræða tilfelli þar sem einstaklingar eru að fá síðustu greiðslur frá Tryggingastofnun, Vinnumálastofnun eða Virkni húsi Reykjavíkurborgar og ljóst að aðstæður viðkomandi eru að taka breytingum og greiðslur til framfærslu lækka. Einnig eru lagt til að veitt verði undanþága frá tekjum fyrri mánaðar þegar greiðslur til framfærslu frá Tryggingastofnun falla niður tímabundið en í slíkum tilfellum skal framfærsla veitt í formi láns.

Einnig eru í 12. gr. lagðar til breytingar á þann veg að bráðabirgðaákvæði er varðar þátttöku einstaklinga í atvinnuurræðum Virkni húss Reykjavíkurborgar, er tekið upp í reglurnar auk þess sem bætt er við einstaklingum sem taka þátt í Atvinnu- og virknimiðlun. Framangreint bráðabirgðaákvæði tók gildi 6. ágúst 2019 og hefur reynst mjög vel í framkvæmd.

Lagt er til að 13. gr. er varðar greiðslur meðlags verði felld brott í heild sinni. Fyrir liggur að Tryggingastofnun greiðir meðlag vegna barna og ef um vanskil er að ræða annast Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu meðlaga. Því er ekki talin ástæða til að veita aðstoð til greiðslu áfallandi meðlagsgreiðslna af hálfu sveitarfélagsins þar sem greiðslur meðlags til barns eru ætíð tryggðar af hálfu Tryggingastofnunar.

Í 15. gr., sem varðar framfærslu til náms á framhaldsskólastigi, er lagt til að veitt verði aukið svigrúm til að heimila fjarnám ef veigamikil rök eru fyrir því. Er framangreindri breytingu ætlað að mæta breyttum námsleiðum sem nú tíðkast.

Lagt er til að fjárhæð húsbúnaðarstyrks skv. 19. gr. verði hækkuð úr 100.000 kr. í 150.000 kr.

Lögð er til rýmkun á a-lið 20. gr. er varðar greiðslu nauðsynlegra tannlækninga á þann hátt að í stað skilyrðis um að hafa fengið greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samfleytt í 12 mánuði er lagt til að viðkomandi hafi þegið fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði á síðastliðnum 18 mánuðum.

Þá eru breytingar lagðar til á 23. gr. reglnanna varðandi ábyrgðaryfirlýsingu vegna tryggingar húsaleigu í samræmi við breytingar á 5. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða verði felld brott þar sem efni þess er tekið upp í 5. mgr. 12. gr. reglnanna.

#### Breyting á orðalagi:

Lagt er til að orðalagið miðstöð Reykjavíkurborgar eða viðeigandi miðstöð Reykjavíkurborgar kom í stað orðsins þjónustumiðstöð þar sem vísað er til þess í reglunum. Framangreind breyting byggir á því að ekki eru lengur til staðar þjónustumiðstöðvar á vegum Reykjavíkurborgar heldur nefnast þær nú Austur-, Vestur-, Suður- og Norðurmiðstöð og því er eðlilegra að vísa til þeirra sem miðstöðva Reykjavíkurborgar eða viðeigandi miðstöðvar í hverfi (8. gr., 20. gr. og 34. gr.).

Lagt er til að orðalagi verði breytt með tilliti til kynhlutleysis s.s. að starfsmenn verði starfsfólk (breytingar t.d. á 24. gr., 30. gr., 31. gr. ).

Þá er lagt til að vísað verði til Tryggingastofnunar í reglunum í stað Tryggingarstofnunar ríkisins (6. gr., 8. gr. og 12. gr.) og vísað verði til vinnumálastofnunar í stað Atvinnuleysistryggingasjóðs (8. gr.).







Þá er lagt til að orðið *útfararþjónusta* komi í stað orðsins *útfararstofu* í 21. gr. reglnanna er varðar útfararstyrki, sbr. orðfæri sem notað er í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993.

### **Umsagnir:**

Drög að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg voru birt á samráðsgátt og var frestur til að skila athugasemdum til 15. janúar 2024. Alls bárust þrjár umsagnir frá Stígamótum, ÖBÍ réttindasamtökum og EAPN (European Anti Poverty Network).

Í umsögn Stígamóta var lögð áhersla á að tekið væri tillit til nokkurra hópa þegar um er að ræða sérstaka erfiðleika (24. gr. reglna). Um er að ræða brotþola mansals, brotþola ofbeldis í nánum samböndum, fólk í vændi og fólk sem hefur verið synjað um alþjóðlega vernd.

Í umsögn ÖBÍ réttindasamtaka eru m.a. gerðar athugasemdir við þá breytingu að umsækjendur verði að sanna á sér deili því að mæta á viðeigandi miðstöð. Til séu aðrar leiðir til að sanna deili á umsækjanda og kanna hvort viðkomandi dvelji í raun og veru í Reykjavíkurborg, m.a. með vitjun. ÖBÍ leggur til að Reykjavíkurborg breyti fyrirhuguðum viðmiðum á þann veg að einstaklingar sem geta ekki mætt í miðstöð Reykjavíkurborgar án aðstoðar vegna fötlunar geti sannað á sér deili með að þiggja vitjun frá starfsfólki borgarinnar og sýni viðkomandi starfsfólki skilríki með mynd. Þá sé óljóst hversu langan tíma umsækjandi hafi til að mæta í miðstöðina frá því að óskað er eftir mætingu áður en greiðslur stöðvast. Þá veltir ÖBÍ upp þeirri spurningu hvernig Reykjavíkurborg hyggist tryggja jafnræði á meðal umsækjanda á grundvelli þeirra breytinga sem lagðar eru til á 11. gr. reglnanna. Einnig kemur fram gagnrýni á þær skerðingar sem fram koma í reglunum og vakin er athygli á þeim neikvæðu afleiðingum sem slíkar skerðingar geta haft í för með sér.

Í umsögn EAPN er vikið að 5., 8., 11. og 12. gr. reglnanna. Flestar athugasemdir sem fram koma í umsögninni varða ekki þær breytingar sem lagðar eru til nú heldur er fjallað almennt um ýmiss atriði í tengslum við framkvæmd reglnanna.

### **Kostnaðarmat:**

Varðandi breytingar sem lagðar eru til á 11. gr. reglnanna þá er litið til tveggja sviðsmynda þar sem 85% grunnfjárhæð yrði greidd í stað fullrar grunnfjárhæðar eða hálftrar grunnfjárhæðar.

- i) Tilfelli þar sem hægt var að skerða grunnfjárhæð um helming en vikið var frá því vegna veigamikilla ástæðna og viðkomandi fékk greidda 100% fjárhagsaðstoð. Við breytingar á 11. gr. reglnanna væri í þeim tilfellum nú hægt að greiða 85% af grunnfjárhæð í stað 100% af grunnfjárhæð.
- ii) Tilfelli þar sem grunnfjárhæð var skert um helming á grundvelli núgildandi reglna og ekki var litið svo á að um veigamiklar ástæður væri að ræða. Við breytingar á 11. gr. væri í þessum tilfellum nú unnt að greiða 85% af grunnfjárhæð í stað 50% af grunnfjárhæð.





Unnt er að áætla hversu mikill kostnaður hlýst af sviðmynd ii) þar sem til eru gögn um tilfelli þar sem hálf grunnfjárhæð hefur verið greidd út. Ekki er unnt að áætla kostnað vegna sviðmyndar i) þar sem ekki eru til gögn um þau tilfelli.

Ætla má að sviðmynd i) verði algengari, þ.e. ákvæði um 85% greiðslu væri notað til skerðingar í stað þess að beita ekki skerðingu.

#### Samantekt á skerðingum árið 2023:

Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2023 var 31 tilfelli þar sem einstaklingar fengu skerta grunnfjárhæð vegna þess að þeir annað hvort mættu ekki í viðtal eða á námskeið. Um var að ræða 22 tilfelli þar sem einstaklingar fengu skerta grunnfjárhæð vegna þess að þeir höfnuðu atvinnu eða sögðu starfi sínu lausu. Í 22 tilfellum fengu einstaklingar skerta grunnfjárhæð vegna þess að þeir höfðu ekki skilað gögnum. Í tveimur tilfellum var grunnfjárhæð skert um helming vegna þess að einstaklingur var staddur erlendis. Í framangreindum tilfellum gæti komið til álita að greiða 85% af grunnfjárhæð í stað 50% af grunnfjárhæð þegar veigamiklar ástæður eru til staðar.


Í 62 tilfellum fengu einstaklingar skerta grunnfjárhæð vegna þess að þeir voru á biðtíma eða sættu viðurlögum hjá Vinnumálastofnun. Ekki er gert ráð fyrir breytingu hvað þetta varðar og má því ætla að í þessum tilfellum verði áfram greidd 50% grunnfjárhæð.

Gera má ráð fyrir því að í fáum tilvikum sé vikið frá greiðslu á 50% grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar og greitt 85% í staðinn, á bilinu 5-10% tilvika. Kostnaður vegna þess er óverulegur, um er að ræða milli 300 - 600 þúsund kr. á ári. Gera má ráð fyrir því að þau tilfelli þar sem 85% grunnfjárhæðar sé greidd út í stað 100% séu algengari og því má áætla að enginn kostnaður fylgi breytingunni.

Þjónusta Reykjavíkurborgar er nú nánast öll rafræn en með breytingum á 1. mgr. 8. gr. mun tiltekin þjónusta færast til miðstöðva. Ef miðað er við fjöldatölur um nýja umsækjendur frá nóvember 2022 til október 2023 má gera ráð fyrir 1933 heimsóknum árlega. Ef miðað er við að hver heimsókn taki 15 mínútur er hægt að áætla að móttaka umsækjanda taki 911 klukkutíma árlega. Fjöldi vinnudaga sem miðast við virkar vinnustundir eru þar af leiðandi 123 sem samsvarar 54,6% stöðugildi þjónustufulltrúa árlega. Árið 2023 voru stöðugildi þjónustufulltrúa í skála samtals 13 talsins í öllum miðstöðvum Reykjavíkurborgar. Meðalaukning stöðugildis væri því um 13,65% á hverja miðstöð. Framangreind aukning er talin rúmast innan stöðugilda sem þegar eru til staðar í miðstöðvum Reykjavíkurborgar og því er ekki talin þörf á ráðningu þjónustufulltrúa til að mæta auknu álagi. Hvað varðar móttöku umsækjanda í Virkni húsi verður að telja að það sé eðlilegur hluti af viðtali að sanna deili á viðmælanda og því er ekki gert ráð fyrir kostnaðaraukningu á þeim stað.

Hvað varðar brottfall 13. gr. reglna um fjárhagsaðstoð þá má áætla að dregið verði úr kostnaði um 9,3 m.kr. á ári þegar reglan fellur brott ef miðað er við kostnað vegna meðlagsgreiðslna síðustu þrjú ár (þriggja ára meðaltal). Í mynd 1 má sjá þróun á greiðslum síðustu ára. Hafa ber í huga að kostnaður vegna meðlagsgreiðslna hefur hækkað á síðustu árum svo að áætlaður sparnaður Reykjavíkurborgar við að fella brott 13. gr. gæti verið hærri en meðaltalskostnaður síðustu þriggja ára.





Mynd 1: Kostnaður og fjöldi notenda v. 13. gr. reglur um fjárhagsaðstoð.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023*
<b>Kostnaður v. 13. gr.</b>	6.119.471	5.280.205	5.017.525	8.407.393	9.389.205	10.215.749
<b>Fjöldi notenda v. 13. gr.</b>	27	27	21	36	31	36
<b>Breyting frá fyrra ári %</b>	119%	-14%	-5%	68%	12%	9%

Tafla 2: Kostnaður og fjöldi notenda v. 13. gr. reglna um fjárhagsaðstoð. Athugið að síðustu þrjú mánuðir ársins 2023 eru áætlaðir fyrir bæði fjölda og kostnað vegna 13. gr.

Varðandi breytingar sem lagðar eru til á 19. gr. reglna um fjárhagsaðstoð er mikilvægt að líta á hlutfall þeirra greiðslna sem hafa fengið greiddan húsbúnaðarstyrk sem er nálægt hámarksfjárhæð samkvæmt gildandi reglum. Árið 2023 nam kostnaður vegna húsbúnaðarstyrkja tæplega 96 m. kr. Þar af var heimild til greiðslu húsbúnaðarstyrks nýtt að fullu í 377 tilfellum (100.000 kr.) og nam sú fjárhæð 37,7 m.kr. Við hækkun á viðmiðunarmörkum má gera ráð fyrir því að meðalgreiðslur hækki. Ef þeim sem uppfylla skilyrði um húsbúnaðarstyrk mun standa til boða að fá greiðslu sem nemur 150.000 kr. er reiknað með að ákveðið hlutfall muni nýta sér það. Árið 2023 voru greiddir 1763 húsbúnaðarstyrkir, þar af 531 þar sem fjárhæð styrksins var á bilinu 90.000 – 100.000 kr. og 377 þar sem styrkur var greiddur að fullu (100.000 kr.). Gera má ráð fyrir því að við hækkun á hámarksfjárhæð húsbúnaðarstyrks muni dreifing greiðslna hliðrast. Þar sem hátt hlutfall greiðslna er nú þegar á bilinu 90.000 – 100.000 kr. er hægt að áætla að hátt hlutfall greiðslna verði einnig á bilinu 140.000 – 150.000 kr. í kjölfar breytingarinnar. Áætlaður kostnaður vegna hækkunar á hámarksfjárhæð húsbúnaðarstyrks er á bilinu 13 m.kr. – 29 m.kr. Óvissa felst í því hvernig dreifingin á greiðslum verður eftir breytingu á viðmiðunarupphæð.

Í tengslum við breytingar á a-lið 20. gr. varðandi nauðsynlegar tannlækningar þá nam kostnaður vegna þess 21.713.546 kr. á árinu 2022. Ef lítið er á átján mánaða tímabil milli janúar 2022 og júlí 2023 er unnt að taka mið af því hversu margir í viðbót ættu rétt samkvæmt a-lið 20. gr. Fjöldi þeirra sem er 12 mánuði samfleytt innan tímabilsins er 611 á meðan fjöldi þeirra sem er samtals 12 mánuði (á 18 mánaða tímabilinu) á fjárhagsaðstoð innan tímabilsins er 706. Ef kostnaður eykst í samræmi við framangreint gæti hann verið um 3,4 m.kr.

Ekki er unnt að kostnaðarmeta aðrar breytingar sem lagðar eru til. Ástæður fyrir því eru m.a. þær að sumar tillögur eru óhæfar til kostnaðarmats vegna þess hve lítil kostnaður fylgir breytingunum, í einu tilfalli er skortur á gögnum til greiningar og í flestum tilfellum er aðeins um að ræða breytingu á orðalagi málsgreina.

**Gildistaka:**

Lagt er til að breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð taki gildi þann 1. júní 2024.

**Fylgiskjöl:**

1. Umsagnir hagsmunaaðila.



## Fylgiskjal nr. 2 við tillögu að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg

### 5. gr.

#### Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 24. gr. og 25. gr. reglna, þessara sbr. og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lán eru vaxtalaus.

Þegar umsækjandi bíður eftir greiðslum til framfærslu frá öðrum opinberum stofnunum, svo sem lífeyrisgreiðslum frá Tryggingastofnun eða greiðslum atvinnuleysisbóta frá Vinnumálastofnun, skal meginreglan vera sú að ef einstaklingur á mögulega rétt á greiðslum frá tveimur aðilum fyrir sama tímabil þá skal fjárhagsaðstoð veitt sem lán til framfærslu. Þá skal horft til þess hvort umræddar greiðslur eru greiddar fyrirfram eða eftir á og fjárhagsaðstoð greidd í samræmi við það. Lán skulu veitt með útgáfu skuldabréfs.

### 6. gr.

#### Gildistími umsóknar um fjárhagsaðstoð til framfærslu

Fjárhagsaðstoð til framfærslu skal greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil. Móttaka umsóknar um fjárhagsaðstoð til framfærslu ákvarðar fyrir hvaða mánuð umsókn gildir.

Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ~~hlkisins~~ eða greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn.

### 8. gr.

#### Umsókn og fylgigögn

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram með rafrænum hætti á vefsíðu Reykjavíkurborgar. ~~og undirrita með rafrænum skilríkjum.~~ Umsókn getur einnig verið lögð fram á sérstöku eyðublaði hjá ~~þjónustumiðstöðvum~~ **Reykjavíkurborgar**, undirrituðu af umsækjanda sem þá skal framvísa gildu persónuskilríki með mynd. Þegar sótt er um fjárhagsaðstoð til framfærslu í fyrsta skipti eða þegar liðnir eru sex mánuðir frá því síðast var sótt um fjárhagsaðstoð til framfærslu er umsækjanda skylt að sanna á sér deili með því að mæta á viðeigandi miðstöð Reykjavíkurborgar og sýna skilríki með mynd. Bregðist umsækjandi ekki við kröfu um að sanna á sér deili er heimilt að stöðva afgreiðslu umsóknar og/eða greiðslu fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Sanna skal á sér deili innan tveggja virkra daga frá því að umsókn var lögð fram nema lögmæt forföll hamli því, s.s. veikindi eða fötlun.



Taki umsækjandi þátt í virkniverkefnum á vegum Virknihúss Reykjavíkurborgar er heimilt að gera kröfu um að hann sanni á sér deili og sýni skilríki með mynd í Virknihúsi. Þá er hvenær sem er, við afgreiðslu umsóknar eða við greiðslu fjárhagsaðstoðar til framfærslu, heimilt að gera kröfu um að umsækjandi sanni deili á sér með því að mæta á viðeigandi miðstöð Reykjavíkurborgar og sýna skilríki með mynd. Bregðist umsækjandi ekki við kröfu um að sanna á sér deili er heimilt að stöðva afgreiðslu umsóknar og/eða greiðslu fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Sanna skal á sér deili innan tveggja virkra daga frá því að umsókn var lögð fram nema lögmæt forföll hamli því, s.s. veikindi eða fötlun.

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri, upplýsingar um skráningu í nám. Umsækjanda ber að leggja fram dvalarleyfi í þeim tilfellum sem það á við.

Umsókn skal fylgja yfirlit yfir eignir og tekjur vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með talda greiðslur frá Tryggingastofnun ~~ríkisins~~, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, **Vinnumálastofnun** ~~Atvinnuleysis~~ ~~tryggingasjóði~~, sjúkrasjóðum stéttarfélagum, bönkum, sparissjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum auk mæðra- og feðralauna.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann skrá sig hjá Vinnumálastofnun og leggja fram staðfestingu þess efnis ásamt staðfestingu á réttindastöðu sinni hjá Vinnumálastofnun og greiðslu bóta. Umsækjandi skal sýna fram á virka atvinnuleit á Íslandi. Hafi umsækjandi hvorki skráð sig hjá Vinnumálastofnun né sinnt virkni, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil, sbr. 11. gr. reglna þessara.

Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda eða hann er ekki fær um að sinna atvinnu vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði sem skal útgefið af heilsugæslu- eða sérfræðilækni umsækjanda. Í læknisvottorði skal koma fram mat lækni á óvinnufærni og áætlun um endurhæfingu, þegar við á. Læknisvottorð skal að jafnaði ekki vera eldra en fjögurra vikna þegar það er lagt fram og ekki til lengri tíma en þriggja mánaða nema annað komi fram í einstaklingsáætlun.

Erlendum ríkisborgurum ríkis innan EES ber að framvísa staðfestingu á lögheimilisskráningu. Réttur til fjárhagsaðstoðar getur myndast í fyrsta lagi þremur mánuðum eftir skráningu lögheimilis.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ~~ríkisins~~, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, **bönkum**, **sparissjóðum**, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

Umsækjandi skal skila inn nauðsynlegum gögnum í síðasta lagi tveimur vikum eftir að umsókn hefur verið undirrituð. Að öðrum kosti skal umsókn synjað á grundvelli ófullnægjandi gagna.



Heimilt er að synja umsókn um fjárhagsaðstoð ef umsækjandi neitar að veita upplýsingar um fjárhag sinn og/eða maka síns eða aðrar upplýsingar, sbr. 3. mgr. 8 gr. reglna þessara.

## 11. gr.

### Lækkun grunnfjárhæðar

Mæti umsækjandi ekki í boðað viðtal hjá ráðgjafa eða á boðað námskeið, er heimilt að greiða 50% af grunnfjárhæð til framfærslu, sbr. 10. gr. reglna þessara. Ef veigamiklar ástæður, sem koma fram í mati á aðstæðum umsækjanda, mæla gegn lækkun grunnfjárhæðar er heimilt að greiða 85% af grunnfjárhæð til framfærslu til umsækjanda. Mæti umsækjandi ekki í boðað viðtal hjá ráðgjafa eða á boðað námskeið skal meðferð máls vera í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglnanna.

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa, skal greiða 50% af ~~hálfra~~ grunnfjárhæð til framfærslu, sbr. 10. gr. reglna þessara, ~~í tvo mánuði nema veigamiklar ástæður sem koma fram í mati mæli gegn því.~~ Ef veigamiklar ástæður, sem koma fram í mati á aðstæðum umsækjanda, mæla gegn því er heimilt að greiða 85% af grunnfjárhæð til framfærslu til umsækjanda.

Lækkun fjárhagsaðstoðar hefst þegar fyrir liggur staðfesting á því að umsækjandi hafi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu. Sama gildir um umsækjanda sem sætir viðurlögum eða er á biðtíma samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar. ~~Þá skal greiða hálfra grunnfjárhæð til framfærslu verði umsækjandi uppvís að því að stunda atvinnu án þess að upplýsa um tekjur.~~

Verði umsækjandi, sem fær greidda fjárhagsaðstoð, uppvís að því að stunda atvinnu án þess að upplýsa um tekjur skal greiða honum 50% af grunnfjárhæð til framfærslu.

Heimilt er að greiða hálfra grunnfjárhæð til umsækjanda sem ekki sinnir kröfu um staðfestingu á atvinnuleit hjá Vinnumálastofnun, án viðhlítandi skýringa. Sama gildir um umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, endurhæfingu eða námi og/eða stendur ekki við einstaklingsáætlun, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því. ~~Sinni umsækjandi ekki kröfu um staðfestingu á atvinnuleit hjá Vinnumálastofnun, án viðhlítandi skýringa er heimilt að greiða 50% af grunnfjárhæð til framfærslu.~~

Sama gildir um umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, endurhæfingu eða námi og/eða stendur ekki við einstaklingsáætlun er heimilt að greiða 50% nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því en þá er heimilt að greiða 85% af grunnfjárhæð til framfærslu.

Þeir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu á grundvelli læknisvottorðs um óvinnufærni skulu í samvinnu við félagsráðgjafa gera einstaklingsáætlun sem miðar að því að umsækjandi nái vinnufærni að öllu leyti eða að hluta. Sinni einstaklingur ekki einstaklingsáætlun skal greiða 50% af ~~hálfra~~ grunnfjárhæð til framfærslu ~~þann mánuð og mánuðinn á eftir~~ nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því ~~en þá er heimilt að greiða 85% af grunnfjárhæð til framfærslu.~~ Læknisvottorð



skal útgefið af heilsugæslu- eða sérfræðilækni umsækjanda og ekki til lengri tíma en þriggja mánaða. Í læknisvottorði skal koma fram mat læknis á vinnufærni og áætlun um endurhæfingu þegar það á við. Læknisvottorð skal að jafnaði ekki vera eldra en fjögurra vikna þegar það er lagt fram.

Taka skal mið af félagslegum aðstæðum barna áður en ákvörðun er tekin um lækkun fjárhagsaðstoðar til einstaklinga sem eru með börn á framfæri. **Heimilt er að fella niður skerðingu á framfærslu þegar veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda eiga við með tilliti til barna. Skal þá meðal annars litið til fjölda barna sem eru á framfæri umsækjanda.**

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er ætíð endurkræf, sbr. 23. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 33. gr. reglna þessara.

## 12. gr.

### Tekjur og eignir umsækjanda

Með tekjum er átt við allar tekjur einstaklings/maka sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna, þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur frá Tryggingastofnun ~~ríkisins~~, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.fl.

Allar tekjur einstaklingsins/maka, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn á undan, aðrar en greiðslur vegna barna og húsnæðis-/vaxtabætur og/eða sérstakur húsnæðisstuðningur, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Mæðra- og feðralaun reiknast umsækjanda til tekna. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna. Hið sama á við ef umsækjandi á rétt á greiðslum frá öðrum aðilum.

**Heimilt er að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaðar vegna: ~~einstaklinga sem eru að ljúka endurhæfingu og hafa fengið greiddan endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, fyrsta mánuðinn eftir að greiðslum lýkur.~~**

- a) Einstaklinga sem eru að ljúka endurhæfingu og hafa fengið greiddan endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun.
- b) Einstaklinga sem fá greidda síðustu greiðslu atvinnuleysisbóta frá Vinnumálastofnun.
- c) Einstaklinga sem hafa nýlokið starfi í gegnum atvinnuúrræði Virknihúss Reykjavíkurborgar.

Um er að ræða undanþágu sem nær til greiðslna fyrsta mánuðinn eftir að greiðslum lýkur frá framangreindum aðilum.

Þegar lán er veitt til framfærslu er einnig heimilt að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaða hjá umsækjendum þegar greiðslur til framfærslu frá Tryggingastofnun falla niður tímabundið og fyrirséð er að lán til framfærslu verði endurgreitt er greiðslur frá Tryggingastofnun hefjast að nýju.

Þeir einstaklingar sem taka þátt í atvinnuúrræðum Virknihúss Reykjavíkurborgar, þ.e. Individual Placement Support (IPS) og Atvinnu- og virknimiðlun (AVM), eiga rétt á undanþágu





frá ákvæði 2. mgr. 12. gr. hvað varðar frádrátt tekna við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Heimilt er að veita undanþágu vegna atvinnutekna sem nema allt að 50.000 kr. á mánuði á meðan viðkomandi er þátttakandi í atvinnuúrræði.

Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Við mat á fjárhagsaðstoð er gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, og meðlögum ef við á.

Húsnæðis- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og/eða húsnæðisbóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambýlingur, eignir umfram íbúðarhúsnæði til eigin nota og eina bifreið, eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal honum vísað á lánafyrirgreiðslu banka og sparisjóða, þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð. Ef umsækjandi, maki hans eða sambýlisaðili, á eignir sem nýtast geta til framfærslu á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

### 13. gr.

#### Greiðslur meðlags

Heimilt er að greiða áfallandi meðlagsgreiðslur einstaklings sem fær greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu. Greitt er beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Fjárhagsaðstoð hækkar sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir. Liggja fyrir samkomulag við Innheimtustofnun sveitarfélaga um greiðslu meðlagsskuldar er heimilt að greiða áfallandi meðlagsgreiðslur. Skilyrði er að barn/börn umsækjanda séu með lögheimili á Íslandi.

**Felld brott.**

### 15. gr.

#### Framfærsla í námi á framhaldsskólastigi

Framfærslu í námi á framhaldsskólastigi er heimilt að veita til einstaklinga frá 18 ára aldri sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna mikilla og langvarandi félagslegra erfiðleika og eiga ekki rétt á framfærslu frá öðrum aðilum.

Aðstoðin miðast við fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt 10. gr. reglna þessara. Ætíð skal liggja fyrir mat á félagslegum aðstæðum. Alla jafna er um að ræða fullt nám á hverri önn eða til samræmis við fyrirbyggjandi einstaklingsáætlun.

Einstaklingsáætlun skal liggja fyrir þar sem markmið með námi koma fram, hvernig skuli staðið að skilum varðandi skólasókn, námsframvindu og einkunnir sem og staðfesting á hlutfallslegri þátttöku í námi ef ekki er um fullt nám að ræða. Að jafnaði skal miða við 90% mætingu. **Heimilt er að veita samþykki fyrir fjarnámi ef veigamikil rök eru fyrir því að umsækjandi geti ekki stundað staðnám.** Einkunnum skal skilað við lok hvernar annar og námsárangur metinn. Skal námið vera liður í valdeflingu umsækjanda.



Ætíð er um tímabundna aðstoð að ræða. Ákvarðanir um framfærslu í námi skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

Framlag til menntunar sem umsækjandi kann að fá, reiknast honum til tekna.

Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

### 19. gr.

#### Styrkur vegna húsbúnaðar

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a) Til einstaklings sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun.
- b) Til ungs fólks á aldrinum 18–24 ára, sem er eignalaus, fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn.
- c) Þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum.
- d) Þegar um er að ræða einstaklinga/hjón/sambúðarfólk sem eiga í félagslegum erfiðleikum og þurfa aðstoð vegna kaupa á nauðsynlegum húsbúnaði. Skilyrði er að viðkomandi hafi fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum síðastliðna þrjú mánuði.
- e) Til einstaklings sem er eignalaus, er að stofna heimili í fyrsta sinn eða að nýju og hefur átt í miklum og langvarandi félagslegum erfiðleikum, auk þess að vera í eða hafa nýlokið endurhæfingu.
- f) Til einstaklings sem er að stofna heimili, er með miklar og flóknar þjónustubarfir og hefur verið heimilislaus.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru allt að ~~100.000~~ **150.000** kr. Greitt er gegn framvísun sundurliðaðra greiðslukvittana.

Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

### 20. gr.

#### Greiðsla sérfræðiaðstoðar

- a) Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga á Íslandi til einstaklinga sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum, ~~samfleytt undanfarna~~ **í 12 mánuði á síðastliðnum 18 mánuðum.** Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 80.000 kr. á ári. Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.
- b) Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá viðurkenndum meðferðaraðilum sem hafa starfsleyfi frá Embætti landlæknis, s.s. félagsráðgjöfum, sálfræðingum, geðlæknum og áfengis- og vímuefnaráðgjöfum.



Sérfræðiaðstoðin skal vera liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og fyrirsjáanlegt að eigi sé hægt að veita þjónustuna innan þjónustumiðstöðvar ~~þjónustumiðstöðvar~~ **miðstöðva Reykjavíkurborgar** eða á vegum heilbrigðisstofnana.

- a) Einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika.
- b) Einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

Að jafnaði skal veita aðstoð að hámarki fimm tíma í senn og að hámarki tíu tíma á 12 mánaða tímabili.

Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

### 21. gr.

#### Útfararstyrkir

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru 250.000 kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignaleysisyfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991 eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. sömu laga.

Heimilt er að veita tekjulágum eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum lán eða styrk vegna útfararkostnaðar barns þess þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför barns og eignir foreldra eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá **útfararþjónustu**. ~~stofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.~~

Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

### 23. gr.

#### Ábyrgðaryfirlýsing vegna tryggingar húsaleigu

Heimilt er að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu að hámarki 600.000 kr., til þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan.

Það sama gildir í þeim tilfellum sem umsækjandi hefur ekki fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan, en hefur til langs tíma glímt við margháttaðan húsnæðisvanda og mikla félagslega erfiðleika.



Umsækjandi skal leggja fram staðfestingu á því að hann eigi ekki kost á láni frá bönkum eða lánastofnunum.

Skilyrði 2.-4. mgr. 25. gr. reglna þessara skulu vera uppfyllt sé veitt aðstoð samkvæmt þessu ákvæði.

Drög að húsaleigusamningi til a.m.k. þriggja mánaða skulu liggja fyrir áður en ábyrgðaryfirlýsing er gefin út. Framvísa skal afriti af þinglýstum húsaleigusamningi þegar hann liggur fyrir **eða staðfestingu á því að leigusamningur hafi verið skráður í húsnæðisgrunn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, sbr. 5. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.**

Verði gengið að ábyrgðaryfirlýsingu samkvæmt reglum þessum skal greiða þá upphæð sem um ræðir samkvæmt umsókn beint til leigusala og krefja umsækjanda um greiðslu ábyrgðar. Heimilt er að breyta kröfu um endurgreiðslu umsækjanda í lán.

Aðstoð samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki veitt einu sinni á 12 mánaða tímabili.

**Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.**

#### **24. gr.**

##### **Aðstoð vegna sérstakra erfiðleika**

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk að hámarki 300.000 kr. vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika, að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum:

- a) Umsækjandi hafi fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum undanfarna sex mánuði eða lengur.
- b) Staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana.
- c) Fyrir liggi yfirlit starfsfólksmanns velferðarsviðs eða umboðsmanns skuldara um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á.
- d) Fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni styrkja félagslega stöðu umsækjanda til hins betra þegar til lengri tíma er litið.
- e) Fyrir liggi einstaklingsáætlun og/eða fjármálaráðgjöf þegar það á við.

Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn.

Eigi er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né til greiðslu skulda við einkaaðila.



Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

### 30. gr.

#### Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjenda skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur borgarinnar.

Starfsfólk ~~menn~~ eru bundið ~~nið~~ þagnarskyldu um málefni umsækjanda er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsfólki ~~mönnum~~ er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu borgarinnar.

### 31. gr.

#### Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk ~~maður~~ bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, skal starfsfólk ~~maður~~ í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

### 34. gr.

#### Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn velferðarsviðs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni og greinargerð frá ~~viðeigandi þjónustumiðstöð~~ **Reykjavíkurborgar** liggur fyrir.

#### Ákvæði til bráðabirgða

~~Þeir einstaklingar sem taka þátt í tilraunaverkefninu IPS (Individual Placement Support) eiga rétt á undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 12. gr. hvað varðar frádrátt tekna við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Heimilt verður að veita undanþágu vegna atvinnutekna sem nema allt að 50.000 kr. á mánuði. Tilraunatímabilið mun standa til 31. desember 2022.~~

Reykjavíkurborg  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

15.01.2024

## Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

ÖBÍ réttindasamtök telja mikilvægt að fyrirhugaðar breytingar taki mið að aðstæðum fatlaðs fólks svo það hafi sama aðgang að lögbundinni fjárhagsaðstoð til jafns við ófatlað fólk. Fatlað fólk er fjölbreyttur hópur sem mætir ýmsum áþreifanlegum, tæknilegum og kerfisbundnum hindrunum sem hamlar því jöfnu aðgengi að samfélaginu. Skýrt orðalag og heildstæð sýn á fjölbreyttar aðstæður við útfærslu reglna er lykilinn að farsælli stjórnsýslu. ÖBÍ vill því koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

### 1.

Við setningu laga og reglugerða er mikilvægt að markmið, mat á áhrifum, útlitun á hugtökum og annar rökstuðningur komi skýrt fram í greinargerð eða viðauka. Þannig getur almenningur, fjölmiðlar og frjáls félagasamtök kynnt sér tilefni tillagnanna og lagt ígrundað mat á nálgun kjörinna fulltrúa. Einnig getur skýr greinargerð eða viðauki dregið úr vafamálum þegar beita þarf ákvæðum í lögum eða reglum. **ÖBÍ leggur til að Reykjavíkurborg leggi fram greinargerð eða viðauka með fyrirhuguðum breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð.**

### 2.

Við lestur á 8. gr. um umsókn og fylgigögn má sjá veigamiklar breytingar á viðmiðum um framvísun persónuskilríkja og öðrum kröfum til að sanna á sér deili. Varnaglar sem sporna gegn misnotkun á öryggisneti velferðarkerfisins eru vissulega mikilvægir, en verða jafnframt að vera skýrir og mega ekki mismuna fólki út frá fötlun eða öðrum aðstæðu. Dæmi eru um að einstaklingar eigi afar erfitt með að fara af heimili sínu, komast á milli staða eða halda utan um nýleg samtöl og tímabókanir vegna fötlunar, t.a.m. sökum hreyfihömlunnar, heilaskaða eða geðrænna veikinda. **ÖBÍ leggst gegn fyrirhuguðum breytingum um að einungis verði hægt að sanna á sér deili með því að mæta á viðeigandi miðstöð. Til eru aðrar leiðir til að sanna deili á umsækjanda og kanna hvort viðkomandi dvelji í raun og veru í Reykjavíkurborg, m.a. með vitjun. ÖBÍ leggur til að Reykjavíkurborg breyti fyrirhuguðum viðmiðum á þann veg að einstaklingar sem geta ekki mætt í miðstöð Reykjavíkurborgar án aðstoðar vegna fötlunar geti sannað á sér deili með að þiggja vitjun frá starfsfólki borgarinnar og sýni viðkomandi starfsfólki skilríki með mynd.**

### 3.

Í fyrirhuguðum breytingum á 8. gr. kemur fram að hægt verði að gera kröfur um að umsækjandi sem tekur þátt í virkniverkefnum á vegum Virkni húss Reykjavíkurborgar sanni deili á sér í Virkni húsi. Jafnframt að heimilt verði að gera kröfu um að umsækjandi sanni deili á sér með því að mæta í viðeigandi miðstöð, hvenær sem við afgreiðslu umsóknar eða við greiðslu fjárhagsaðstoðar til framfærslu. **ÖBÍ gerir athugasemdir við orðalag og markmið breytinganna. Þörf er á nánari útlitun á tilgangi ákvæðisins er snýr að Virkni húsi og hvort þeir aðilar sem sanna á sér deili í Virkni húsi þurfi einnig að mæta í miðstöð á vegum borgarinnar til að sanna á sér deili. Þá er óljóst hversu langan tíma umsækjandi hefur til að mæta í miðstöðina frá því að óskað er eftir mætingu áður en greiðslur stöðvast.**

## 4.

ÖBÍ gerir verulegar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á 11. gr. um lækkun grunnfjárhæðar og áréttar að hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Ólíkt öðrum opinberum fjárhagslegum öryggisnetum er fjárhagsaðstoð sveitarfélaga síðasta úrræði einstaklinga sem geta ekki framfleitt sér og sínum nánustu. ÖBÍ telur þörf á nánari útlistun á verklagi varðandi heimildir til skerðinga á grunnfjárhæð til framfærslu. Út frá framsetningu textans getur einstaklingur verið sviptur 50% framfærslu fyrir missa af einu boðuðu viðtali eða boðuðu námskeiði óháð því hvort viðkomandi boði forföll t.d. vegna veikinda eða slyss. Þá er ekkert verklag sem tryggir jafnræði milli umsækjanda til að koma í veg fyrir að umsækjandi hjá einni miðstöð fái skerðingu á meðan umsækjandi hjá annari miðstöð í samskonar stöðu haldi óbreyttum grunnfjárhæðum. Jafnframt er þörf á skilgreiningu á hugtakinu „veigamiklar ástæður“ en samkvæmt breytingatillögum er heimilt að greiða 85%. ÖBÍ telur það íþyngjandi og varhugavert að setja í reglurnar að heimilt sé að lækka fjárhagsaðstoð jafnvel þegar veigamiklar ástæður mæla gegn því.

**ÖBÍ óskar eftir að útskýringum á þeim hugtökum sem tilgreind eru í fyrirhuguðum breytingum á 11. gr., verklag og hvernig Reykjavíkurborg hyggist tryggja jafnræði meðal umsækjanda milli hverfa borgarinnar. Þá leggur ÖBÍ til að Reykjavíkurborg dragi til baka fyrirhugaðar skerðingarheimildir um 50% og 15%, leggi refsivöndinn á hilluna og dragi fram gulrótina. Helmings skerðing á fjárhagsaðstoð fyrir einhleypan einstakling sem rekur einn heimili myndi fara úr 228.689 kr. í 114.345 kr. Sú hættu er fyrir hendi að fyrirhugaðar skerðingaheimildir muni snúast í andhverfu sína og ýta undir fátækt, heilsubresti, húsnæðisöryggi auk þess að draga úr samfélagslegri virkni með tilheyrandi afleiðingu fyrir viðkomandi og samfélagið í heild. Vænlegra væri að hafa traust fjárhagslegt öryggisnet samhliða fjölbreyttum og jákvæðum fjárhagslegum hvötum fyrir mætingu og virkni.**


## 5.

ÖBÍ fagna fyrirhuguðum breytingu á 12. gr. reglnanna um tekjur og eignir umsækjanda. Heimild til að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaðar vegna einstaklinga sem eru að ljúka endurhæfingu og hafa fengið greiddan endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun er til bóta. Einnig er vert að nefna undanþágu frá 50% skerðingum fyrir einstaklinga sem taka þátt í atvinnuúrræðum hjá Virkni húsi. Lífeyristakar hafa fá tækifæri til að vænka hag sinn og mikilvægt að það hafi trygga framfærslu og falli ekki milli kerfa.

ÖBÍ áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á seinni stigum.

**Ekkert um okkur án okkar!**

Með vinsemd og virðingu,



Alma Ýr Ingólfssdóttir  
formaður ÖBÍ



Kjartan Þór Ingason  
verkefnastjóri ÖBÍ



Sigríður Hanna Ingólfssdóttir  
félagsráðgjafi ÖBÍ



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar  
Höfðatorg, Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

9. janúar 2024

## **Umsögn EAPN (European Anti Poverty Network) um reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.**

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er mikilvægt net í velferð einstaklinga á Íslandi. Til þess að hægt sé að grípa einstaklinga í viðkvæmri stöðu og styðja þá er afar brýnt að upplýsingar um félaglega þjónustu og réttindi séu afar skýrar og settar fram á eins einfaldan og aðgengilegan hátt og hægt er.

EAPN þakkar fyrir umsagnarbeiðnina og hefur eftirfarandi athugasemdir fram að færa.

### **5. gr. Form fjárhagsaðstoðar**

Það er jákvætt að bætt er við skýringum á því við hvaða aðstæður lán er veitt til framfærslu og tryggt að fólki lendi ekki í þeim aðstæðum að vera án framfærslu þegar framfærsla fólks færast milli kerfa. Einnig er jákvætt að fram komi með hvaða formi lán er veitt.

### **8. gr. Umsókn og fylgigögn**

Umhverfi stjórnsýslu verður sífellt rafrænni og er það vel, það samsvarar kröfum um umhverfissjónarmið og skilvirkni. Hins vegar er ávallt hópur sem af ýmsum ástæðum getur ekki nýtt sér hið rafræna umhverfi. Mikilvægt er að stjórnvöld tryggi ávallt aðra leið en þá rafrænu fyrir þann hóp og komi til móts við mismunandi þarfir hans. Má þar nefna mikilvægi þess að umsóknarferlið sé skýrt og einfalt, að upplýsingar komi fram á mismunandi tungumálum, enda 60% fólks sem fær fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg af erlendum uppruna, upplýsingar séu aðgengilegar á táknmáli og að upplýsingar séu ekki eingöngu á skriflegu formi heldur sé hægt að hlusta á nauðsynlegar upplýsingar.

Mjög jákvætt er að tekið sé út ákvæði um undirskrift með rafrænum skilríkjum og þar með komið til móts við fyrrgreindan hóp.

Umsækjendum er gefinn tveggja vikna frestur til að skila inn nauðsynlegum gögnum. Hafa ber í huga að auðvelt er að nálgast hluta þeirra gagna sem krafist er. Hins vegar getur í einhverjum tilvikum reynst erfitt að sækja t.d. vottorð um óvinnufærni og



áætlun um endurhæfingu á þeim stutta tíma. Í venjulegu árferði tekur tíma að fá tíma hjá heilsugæslu/sérfræðilækni og staðreyndin er að núna er biðin eftir tíma hjá lækni til að ræða hluti sem ekki eru skilgreind sem bráðaerindi töluvert langur.

Í reglunum kemur einnig fram að vottorð megi ekki vera eldra en fjögurra vikna og því ekki svigrúm til að nýta eldra vottorð þar til nýtt fæst.

Í 6. mgr. kemur fram að læknisvottorð skuli að jafnaði ekki vera eldra en fjögurra vikna þegar það er lagt fram og ekki til lengri tíma en þriggja mánaða nema annað komi fram í einstaklingsáætlun. Hins vegar kemur fram í 9. gr. að gera skuli einstaklingsáætlun þegar einstaklingur hefur fengið fjárhagsaðstoð lengur en í þrjá mánuði. Erfitt er að sjá hvernig umsækjandi á að vera kominn með einstaklingsáætlun áður en umsókn er samþykkt.

Mælt er með að veita þeim hópi sem þarf að skila heilbrigðisgögnum og endurhæfingaáætlun aukið svigrúm. Töluverðar líkur eru á að einstaklingar sem tilheyra þessum hópi umsækjanda hafi verið kastað á milli kerfa, fengið synjun um endurhæfingu eða lokið endurhæfingu án þess að vera orðnir vinnufærir. Mikilvægt er að veita þessum hópi félagslega ráðgjöf og tilefni til að setja hann í forgang í þá þjónustu.

Í þessari grein er sami textinn endurtekinn. Mikilvægt er að hafa reglur skýrar og mælt er með því að endurskrifa greinina með það í huga að koma í veg fyrir endurtekningu. Einfaldara er t.d. að telja upp þær aðstæður sem geta komið til þess að einstaklingur þurfi að sanna deili á sér og setja svo þann texta fyrir neðan.

## **11.gr. Lækkun grunnfjárhæðar**

Í reglunum kemur fram að ef einstaklingur mætir ekki í boðað viðtal, námskeið, staðfestir ekki atvinnuleit, hafnar vinnu eða uppfyllir ekki einstaklingsáætlun verði grunnfjárhæð skert um 50% en heimild sé að skerða eingöngu um 85% ef viðhlítandi skýringar eða veigamiklar ástæður eru fyrir hendi. Hér er um afar opið orðalag um að ræða og mjög óskýrt hvort ráðgjafi einstaklings meti þær skýringar og/eða ástæður eða hvort ákveðið ferli sé til staðar sem notast er við til að tryggja jafna meðferð allra einstaklinga.

Einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð á grundvelli læknisvottorðs eða óvinnufærni skulu samkvæmt þessari grein skila læknisvottorði sem ekki má gilda lengur en til þriggja mánaða. Það stangast á við 8.gr. þar sem fram kemur að vottorð geti dugað lengur ef slíkt kemur fram í einstaklingsáætlun.

Ástæða er til að bæta því við 11. gr. enda er bæði um ræða auka kostnað fyrir umsækjanda að sækja um vottorð á þriggja mánaða fresti í þeim tilvikum sem ljóst er að óvinnufærni muni standa lengur en það tímabil.

Börn sem búa við fátækt í Reykjavík eru allt of mörg og skerðir það óhjákvæmilega lífsgæði þeirra og tækifærum í lífinu.

Því ber að að fagna að heimild sé til að fella niður skerðingu á framfærslu þegar veigamiklar ástæður eru til með tilliti til barna.

## **12.gr. Tekjur og eignir umsækjanda**

Hér kemur fram að allar tekjur sem ekki eru til framfærslu barna komi til frádráttar. Það er því hrópanði mótsögn að mæðra- og feðralaun séu talin til tekna í reglum Reykjavíkurborgar.

Mælt er með því að fella mæðra- og feðralaun út úr þessari grein.

Fyrir hönd EAPN á Íslandi,

Þórdís Viborg

## Umsögn Stígamóta

Stígamót hafa yfirfarið tillögur til breytinga á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og tekið til umræðu á okkar vettvangi.

Tillögur að breytingum eru til bóta og ljóst að Reykjavíkurborg dregur vagninn í aðstoð við borgara. Helstu nýmæli í aðstoð og stuðningi við fólk sem þarf tímabundna aðstoð hefur iðulega verið að frumkvæði Reykjavíkurborgar sem hefur innleitt réttindabætur sem síðar hafa orðið fyrirmyndir um allt land.

Að fenginni áratuga reynslu af stöðu fólks sem verður fyrir ofbeldi viljum við leggja til að tekið sé tillit til aðstæðna nokkurra hópa sem gætu fallið undir aðstoð vegna sérstakra erfiðleika (24. gr.). Þessir hópar hafa orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi og þurfa þess vegna sérstaka aðstoð.

Brotapolar mansals: Síðustu ár hefur verið reynt að efla varnir gegn mansali en ítrekað hafa íslensk stjórnvöld verið snupruð af alþjóðasamfélaginu fyrir að vinna illa úr þeim skuldbindingum sem við höfum undirgengist. Stór hluti af því hversu mistæk við höfum verið er skortur á stuðningi við brotapolu mansals, við komum þeim ekki nógu hratt og örugglega í skjól, á framfærslu og í öryggi. Eftir að mansalsteymi Bjarkarhlíðar var virkjað hefur orðið einhver bragarbót á en þó þannig að það þarf að leita samþykkis fyrir hvern einstakling fyrir sig og stöðugt verið að brjóta nýtt land í aðstoð. Ef við ætlum að eiga möguleika á að uppræta og koma í veg fyrir mansal hér á landi er lykilatriði að hafa möguleika til að taka hratt og örugglega utanum brotapolu eða hugsanlega brotapolu.

Brotapolar ofbeldis í nánnum samböndum: Það eru afar erfiðar félagslegar aðstæður sem brotapolu ofbeldis í nánnum samböndum geta lent í og það er öryggisatriði að hafa möguleika á að komast að heiman til að flýja ofbeldið, sömuleiðis að veitt sé aðstoð til fólks sem flýr heimili sitt til að minnka líkurnar á að fólk fari aftur í ofbeldisaðstæður.

Fólk í vændi: Vændi er ein alvarlegasta tegund valdbundins ofbeldis en hefur reynst erfitt að fá það viðurkennt í samhengi við félagslega aðstoð. Ráðgjafar hjá Stígamótum geta vottað um algengi vændis sem neyðarúrræði vegna fátæktar og/eða fíknar. Um árabíl hafa Stígamót veitt fólki í vændi styrk úr Kristínarsjóði (sem er tómur) að upphæð 150.000 krónur ef við metum sem svo að fólk eigi í hættu að lenda í vændi aftur. Svo lítil upphæð hefur oft og tíðum skipt sköpum fyrir fólk. Það væri gustukaverk að Reykjavíkurborg hefði frumkvæði að því að viðurkenna vændi sem sérstaklega erfiðar félagslegar aðstæður sem þyrfti sérstaka aðstoð til að vinna úr. Ef einhver efast um skaðsemi þess að vera í vændi má benda á rannsókn Stígamóta frá 2022 þar sem kemur fram að afleiðingar þess að hafa verið í vændi, borið saman við afleiðingar þess að hafa orðið fyrir öðru kynferðislegu ofbeldi eru töluvert meiri og alvarlegri. Stígamót eru tilbúin í samtal um þetta áfram.

Fólk sem hefur misst stöðu sem hælisleitendur: Eftir að ný útlendingalög voru samþykkt árið 2023 og ákveðið var að beita ákvæðum þar sem sviptir fólk þjónustu ef því hefur verið hafnað um alþjóðlega vernd er ljóst að hér er hópur fólks sem er beinlínis á götunni. Rauði krossinn er með athvarf fyrir fólk í Borgartúni og býður uppá tvær heitar máltíðir á dag en með allt annað: Strætókort, lyf, heilbrigðisþjónustu, þriðju máltíðina og annað tilfallandi er fólk uppá náð og miskunn félagasamtaka og einstaklinga. Það er svartur blettur á hvaða samfélagi sem er ástand sem þetta og þess ber að geta að þær sem Stígamót hafa verið í samskiptum

við og eru í þessari stöðu eru brotápolar mansals til margra ára og þurfa stuðning og skilning en ekki frekara niðurbrot og niðurlægingu.

Fyrir hönd Stígamóta, Drífa Snædal talskona

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

### Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

### Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

<b>Dagsetning:</b>	26.01.2024
<b>Svið:</b>	Velferðarsvið
<b>Unnið af:</b>	Guðlaugu Jónu Hilmarsdóttur
<b>Verkefni/tillaga:</b>	Tillaga að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð
<b>Þjónustubáttur:</b>	Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf
<b>Stofnun/kostn.st.:</b>	F17** – Fjárhagsaðstoð
<b>Fjárhæð:</b>	11.gr. 5.200 þ.kr. 13.gr. -10.200 þ.kr.
<b>Annað:</b>	

### Jafnréttisskimun:

#### Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Um er að ræða breytingar á tveimur greinum í reglum um fjárhagsaðstoð, en þjónustan er veitt á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Annars vegar er lagt til orðalagsbreyting á 11.gr. sem heimilar helmings lækkun grunnfjárhæðar í ákveðnum tilvikum sem tengjast þátttöku og atvinnuleit umsækjanda, t.d. hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa.

Í greininni kemur fram að heimilt er að greiða 50% af grunnfjárhæð til framfærslu, til umsækjanda sem ekki hefur mætt í boðað viðtal hjá ráðgjafa eða mætir ekki á boðað námskeið. Með breytingunni er bætt við að ef veigamiklar ástæður, sem koma fram í mati á aðstæðum umsækjanda, mæla gegn því að skerða greiðslur um helming er nú heimilt að skerða grunnfjárhæð til framfærslu til umsækjanda um 15% í stað þess að greiða fulla framfærslu. Markmið með breytingunni er að fylgja betur eftir einstaklingsáætlun um þátttöku og atvinnuleit notenda.

Hins vegar er um að ræða að fella niður 13.gr. en hún fjallar um greiðslu meðlags. Meðlag greiða umgengnisforeldrar til lögheimilisforeldra vegna daglegrar og venjulegrar framfærslu barns. Greiðslur þessar eru innheimtar af innheimtustofnun Sveitarfélaga og geta umgengnisforeldrar samið um greiðslurnar.

#### Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Varðandi 13.gr. er um að ræða greiðslur sem ríkið innheimtir og geta umsækjendur samið um þær greiðslur hjá viðeigandi stofnun. Ráðgjafar sem koma að vinnu með viðkomandi munu veita þeim ráðgjöf og upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar og hvernig sé best að vinna málið áfram.

#### Hvaða hópa snertir tillagan?

Varðandi 11.gr. reglna um fjárhagsaðstoð snertir tillagan öll sem sækja um fjárhagsaðstoð til framfærslu, en á tímabilinu 2020-2022 voru notendur 59% karlar og 41% konur

Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2023 voru 139 tilvik (112 notendur) þar sem ákvæðinu var beitt, þar af voru 65 (47%) með erlent ríkisfang (77% karlar og 23% konur) og 74 með íslenskt ríkisfang (72% karlar og 28% konur). Karlar eru í meirihluta þeirra sem fá skerta fjárhagsaðstoð til framfærslu eða 74%.

Niðurfelling á 13.gr. snertir umgengnisforeldra sem sækja um fjárhagsaðstoð til framfærslu. Milli ára 2021 og 2023 hefur umsækjendum fækkað, úr 36 í 26. Fyrir árið 2023 voru 24 karlar (92%) og 2 konur (8%). Meirihluti var með íslenskt ríkisfang eða 20 (77%).

Í báðum tilvikum þ.e. 11.gr. og 13.gr. eru karlmenn í meirihluta, en samsetning þjónustunotenda tekur breytingum eftir samfélagsaðstæðum hverju sinni. Um er að ræða lítinn hóp notenda með fjárhagsaðstoð til framfærslu, sem almennt er veitt til skemmri tíma, en árið 2021 var meðaltími sem notendur fengu fjárhagsaðstoð sex mánuðir. Hlutaðeigandi verða upplýstir um fyrirhugaðar breytingar og þeim leiðbeint.

#### **Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.**

Tillagan hefur áhrif á afmarkaðan hóp þjónustunotenda, en gera má ráð fyrir að um jaðarsettan hóp sé að ræða sem þarf á fjárhagsaðstoð að halda og getur ekki framleitt sér án aðstoðar. Tillagan er varðar 11.gr. mun ramma betur inn markmið og eftirfylgni í einstaklingsáætlun varðandi þátttöku og atvinnuleit umsækjanda um fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Hins vegar hvað varðar 13.gr. þarf að kynna vel fyrir umsækjendum sem hafa fengið greiðslur skv. greininni hvernig þeir skuli bera sig að varðandi samning og/eða greiðslur meðlags.

#### **Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?<sup>1</sup>**

Nei.

<sup>1</sup> Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.